

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Umhverfisstofnun
Áb. _____
01. nóv. 2010
10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. október 2010
Tilvísun: UST20100500038/ksj

Deiliskipulag Mjólkárvirkjunar

Vísað er til erindis sviðsstjóra framkvæmda- og rekstrarsviðs Ísafjarðarbæjar er barst 6.mái sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Mjólkárvirkjunar. Stækkun Mjólkárvirkjunar hefur verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar og var niðurstaðan sú að framkvæmdin væri ekki talin líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Deiliskipulagið felur í sér byggingu tveggja stöðvarhúsa, lagningu þrýstipípu frá Prestagilsvatni að Borgarhvilftarvatni, framlengingu Hofsárveitu og lagningu veituskurðar. Engin ný lón eða stíflur verða gerð. Núverandi slóðar nýtast við framkvæmdina. Engin efnistaka verður á svæðinu. Allur uppmokstur nýtist á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Hér er um fremur litla framkvæmd að ræða á svæði þar sem framkvæmdir tengdar Mjólkárvirkjun hafa farið fram á undanförunum áratugum. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að þær framkvæmdir sem umrætt deiliskipulag nær til muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og gerir því ekki athugasemdir við deiliskipulagið.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

Gunnlaug Einarsdóttir
Gunnlaug H Einarsdóttir